



Fundargerð

290. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjanesbæjar
haldinn á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11
17. október 2024, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Jón Már Sverrisson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarviðs.

* * *

1. Fjárhagsáætlun 2025 (2024050440)

Farið yfir stöðu á vinnslu fjárhagsáætlunar atvinnu- og hafnarviðs fyrir árið 2025.

2. Njarðvíkurhöfn – dýpkun hafnar (2023080391)

Farið yfir stöðuna á framkvæmdum við Njarðvíkurhöfn.

3. Helguvíkurhöfn – Suðurbakki (2024040273)

Farið yfir stöðuna varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir á Suðurbakka Helguvíkurhafnar.

4. Skemmtiferðaskip (2024010266)

Farið yfir ýmsar hugmyndir varðandi markaðssetningu á Keflavíkurhöfn sem þjónustuhöfn smærri skemmtiferðaskipa.

5. Atvinnustefna Reykjanesbæjar (2023020501)

Farið var yfir stöðuna í vinnslu á atvinnustefnu Reykjanesbæjar.

6. Hafnasambandsþing 2024 (2024020130)

Dagskrá Hafnasambandsþings 2024 sem fram fer á Akureyri 24. og 25. október nk. lögð fram.

7. HB 64 - grænn vistiðngarður (2023100396)

Farið yfir stöðuna í verkefninu HB 64 – grænn vistiðngarður.

8. Mannréttindastefna Reykjanesbæjar – beiðni um umsögn (2020021548)

Bæjarráð óskar eftir umsögn um drög að mannréttindastefnu Reykjanesbæjar.

Atvinnu- og hafnarráð lýsir ánægju sinni með viðkomandi drög og telur þau skilgreina vel þá áherslupætti sem gæta þarf að til að tryggja jafna aðstöðu allra íbúa Reykjanesbæjar í bæjarfélaginu. Stefnan byggir m.a. á alþjóðlegum sáttmálum, s.s. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Samningi um réttindi fatlaðs fólks.

9. Stefna um starfsmannaíbúðir á Suðurnesjum – beiðni um umsögn (2024080039)

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar óskar eftir umsögn um drög að stefnu um starfsmannaíbúðir á Suðurnesjum, sem er samstarfsverkefni Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar.

Atvinnu- og hafnarráð fór yfir drög að Stefnu um starfsmannaíbúðir á Suðurnesjum og telur að framsetning stefnunnar vekji upp ýmsar spurningar varðandi tilgang hennar. Atvinnu- og hafnarráð óskar eftir nánari kynningu á stefnunni frá umhverfis- og skipulagsráði áður en ráðið gefur umsögn um drögin, enda hefur samþykkt hennar áhrif á aðstöðu atvinnulífsins á svæðinu. Atvinnu- og hafnarráð felur sviðsstjóra að fylgja málinu eftir.

10. Mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs (2024010270)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir mælaborð sviðsins.

11. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2024010271)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15.